



19. desember 2024

Tilv.: 2404174

Dreifibréf nr.: 33/2024

Til váttryggingamiðlara, váttryggingafélaga og Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu.

Efni: Reglur nr. 1458/2024 um aðlögun á grunnfjárhæðum í evrum fyrir starfsábyrgðartryggingu váttryggingamiðlara.

Seðlabanki Íslands hefur sett [reglur nr. 1458/2024](#) um aðlögun á grunnfjárhæðum í evrum fyrir starfsábyrgðartryggingu váttryggingamiðlara. Með reglunum er leidd í íslenskan rétt framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/896 frá 5. desember 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 (Insurance Distribution Directive; *IDD*) að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir aðlögun á grunnfjárhæðum í evrum fyrir starfsábyrgðartryggingu og fyrir fjárhagslega getu váttryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara og aðila sem dreifa váttryggingu sem aukaafurð.

Með reglugerðinni eru grunnfjárhæðir í evrum, sem tilteknar eru í 4. mgr. 10. gr. *IDD*, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga, uppfærðar m.t.t. hækkunar á evrópskri vísitölu neysluverðs á tímabilinu 1. janúar 2018 til og með 31. desember 2022, en á því tímabili nam hækkun vísitölunnar 20,32%. Samkvæmt því skal váttryggingafjárhæð starfsábyrgðartryggingar váttryggingamiðlara vera a.m.k. að jafnvirði 1.564.610 evra vegna hvers tjónsatviks og samtals að jafnvirði 2.315.610 evra á ári vegna allra tjónsatvika. Rétt er að taka fram að aðlögun á grunnfjárhæðum skv. b-lið 6. mgr. 10. gr. *IDD* kemur ekki til með að hafa áhrif hér á landi, enda var sá staflíður *IDD* ekki leiddur í íslensk lög, eins og heimilt var samkvæmt tilskipuninni.

Reglurnar eru settar með stoð í 5. mgr. 12. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga og hafa þegar verið birtar í Stjórnartíðindum.

Ef spurningar vakna vegna þessa dreifibréfs er hægt að senda þær á netfangið: sedlabanki@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Ólöf Aðalsteinsdóttir
sérfræðingur
varúðareftirlit

